

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. janúar 2021

Mál nr. S-3562/2020:

Héraðssaksóknari

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

X

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 4. desember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af Héraðssaksóknara 3. júní 2020, á hendur X, kennitala [...], [...], [...], „fyrir manndráp, með því að hafa sunnudaginn 8. desember 2019 í íbúð [...] að M í [...], veist með ofbeldi að A, kennitala [...], á svölum íbúðarinnar, slegið hann hnefahöggum og sparkað í líkama hans og höfuð auk þess að slá hann þungu höggi í höfuðið með óþekktu áhaldi og í kjölfarið kastað honum fram af svölunum þannig að A féll 6,96 metra niður á steypa stétt og lést skömmu síðar af áverkum sem hann hlaut á heila, brjóstakassa og brjóstholslíffærum.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og þess að gæsluvarðhald sem ákærði sætti verði dregið frá refsingu. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu barst henni tilkynning, sunnudaginn 8. desember 2019 kl. 14:13, um að maður hefði fallið fram af svölum íbúðar á þriðju hæð að M. Bráðaliðar og lögregla mættu á vettvang og sáu þar lífshættulega slasaðan karlmann á steyptri stétt fyrir neðan svalirnar. Maðurinn lá á bakinu og blóðpollur var um höfuð hans. Hann var meðvitundarlaus, með púls en andaði ekki. Á meðan lífsmörk voru könnuð fylltist munnur hans af blóði og hann virtist reyna að taka andköf.

Sjúkraflutningamenn komu á vettvang skömmu síðar og hófu endurlífgunartilraunir. Á meðan verið var að huga að manninum kom maður í annarlegu ástandi út á svalir íbúðar [...] í húsinu. Var þá óskað eftir fleiri lögreglumönnum á staðinn til að fara inn í íbúðina og tryggja að sönnunargögnum yrði ekki spillt. Slasaði maðurinn var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Landspítala en var úrskurðaður látinn fljótlega eftir komuna þangað. Kom í ljós síðar sama dag að hinn látni hét A og var litháískur ríkisborgari sem dvaldi á landinu við störf sem verkamaður.

Lík brotþola lá 3,31 metra lárétt frá brún svalanna. Hæð frá svalahandriðinu niður á stétt er 6,96 metrar. Lögreglumenn brutu sér fljótlega leið inn í íbúð [...] þar sem fjórir ölvaðir karlmenn frá Litháen voru staddir. Mennirnir voru allir handteknir en ákærði var handtekinn skömmu fyrir við inngang fjölbýlishússins. Hann var einnig mjög ölvaður og með áverka á höndum og í andliti. Erfitt reyndist að skilja mennina en lögreglan taldi sig skilja eitthvað um „stökk“ og „drepa“ hjá ákærða. Ákærði var æstur og erfiður viðureignar í fangaklefa og þurfti nokkra lögreglumenn til að halda honum á meðan gerð var á honum bráðabirgðalíkamsrannsókn. Þegar túlkur kom talaði ákærði mikið um að hann hefði verið að halda upp á 50 ára afmælið sitt og krafðist þess að fá að vita hvers vegna lögreglan hefði eyðilagt afmælisfagnaðinn. Spurður um samskipti við brotþola á svölunum sagði ákærði að brotþoli hefði spurt hvort hann ætti að hoppa fram af og hann hefði játt því. Brotþoli hefði þá fleygt sér fram af svölunum. Hefði lögreglu fundist það koma ákærða á óvart að brotþoli hefði látist vegna þessa. Var þó erfitt að skilja ákærða vegna ástands hans og hann fór aftur að æsast upp þannig að hætta þurfti viðræðum við hann. Í samtali við B með aðstoð túlks kom fram að hann hefði séð átök og rifrildi á milli ákærða og brotþola skömmu áður en þeir hefðu farið út á svalir. Skömmu síðar hefði ákærði komið einn inn af svölunum og brotþoli ekki verið sjáanlegur. Ákærði hefði virst mjög stressaður, gengið fram og til baka í stofunni og síðan náð í áfengisflösku. Honum hefði virst eins og eitthvað hræðilegt hefði gerst og ákærði hefði hegðað sér eins og hann hefði gert eitthvað. Hann hefði þá farið út á svalir og litið yfir handriðið og séð hvar brotþoli hefði legið á bakinu og blóðpollur þar í kring. Aðrir sem voru handteknir voru mjög ölvaðir og virtust lítið vita hvað hefði gerst. Á þessum grundvelli beindist grunur að því að ákærði hefði átt þátt í því að brotþoli fór fram af svölunum.

Í málinu liggja frammi upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna sem komu á vettvang. Má þar sjá hvar lögreglumenn fóru inn í íbúðina að M og hvar ákærði var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Frammi liggur endurrit símtals nágretta ákærða, F, við Neyðarlínuna, en þar kemur fram að maður hafi fallið af svölum á þriðju hæð niður á steiptan pall og hún sjái hreyfingarlausu fætur hans út um gluggann.

Tæknideild lögreglunnar kom á vettvang samdægurs auk þess sem frekari rannsóknir á vettvangi fóru fram nokkrum dögum síðar og liggja gögn fyrir um þær rannsóknir. Þá fór fram mannerfðafræðileg rannsókn á fatnaði og lífsýnum og tæknilegar rannsóknir á haldlögðum munum.

Réttarlæknisfræðileg skoðun var gerð á ákærða og voru teknar myndir af honum og öðrum sem voru í íbúðinni. Við skoðun á ákærða kom m.a. í ljós nýlegur línulegur áverkni á hægri síðu sem lögregla taldi geta samsvarað hæðinni á svalahandriðinu og bent til þess að hann hefði rekist utan í það við að koma brotþola fram af svölunum. Við blóðrannsókn kom í ljós að etanólstyrkur í blóði ákærða skömmu eftir handtöku var 2,95%. Etanólstyrkur í blóði B var 2,09%, C 3,33%, D 2,05% og E 1,98%.

Við rannsókn málsins var vettvangurinn sviðsettur og I, prófessor í vélaverkfræði, fenginn til að gera greiningu á falli brotþola fram af svölunum. Hann notaði hreyfi-fræðileg líkön og studdist við sviðsetninguna. Í álitgerð hans, frá 28. febrúar 2020, kemur fram að útilokað sé að brotþoli hafi oltið eða fallið yfir svalahandriðið fyrir slysi. Einnig sé ólíklegt að hann hafi stokkið fram af svölunum. Þá sýni niðurstöður sviðsetningarinnar að maður sambærilegur í vexti og ákærði geti hafa kastað brotþola fram af svölunum.

Réttarlæknisfræðileg krufning á brotþola fór fram 11. desember 2019. Komu í ljós ýmiss konar áverkar af völdum fallsins og að auki innkýlt brot í höfuðkúpu. Var það niðurstaða krufningarinnar að réttarlæknisfræðilegar niðurstöður einar og sér leiddu ekki í ljós örugga afstöðu til þess með hvaða hætti brotþoli féll fram af svölunum. Fram kemur að sé um sjálfsvíg að ræða sé ýmislegt óvanalegt við fallið þar sem fall sé yfirleitt úr meiri hæð og val á staðsetningu annars konar. Ólíklegt sé að brotþoli hafi fallið fyrir slysi þar sem hæð handriðsins sé 121 cm. Þá megi draga þá ályktun að sérstakur hliðlægur kraftur hafi komið til, t.d. stökk eða íhlutun annars manns, vegna staðsetningar og legu brotþola. Við krufninguna kom fram innkýlt brot á höfuðkúpu sem að mati J réttarlæknis er ótengt áverkum vegna fallsins af svölunum. Það geti bent til þess að brotþoli hafi verið sleginn í höfuðið skömmu áður með einhverju áhaldi.

Undir meðferð málsins fyrir dómi voru dómkvaddir annars vegar réttarlæknir og hins vegar verkfræðingur til að leggja mat á nánar tilgreind atriði. Dómkvaddir voru annars vegar K, sérfræðingur í réttarmeinafræði og taugalækningum, til þess að meta áverka á líki brotþola og tilurð þeirra, og hins vegar L verkfræðingur, til þess að gera hreyfi-fræðilega greiningu á falli brotþola.

Helstu niðurstöður matsgerðar K, sérfræðings í réttarmeinafræði og taugalækningum, frá september 2020, eru þær að flestir áverkar brotþola virðist hafa komið til á dánardegi. Matsmaðurinn telur útilokað að innkýlda brotið á höfuðkúpu brotþola hafi komið til við fall á algjörlega sléttan flöt. Sá áverkni gæti hafa leitt til doða eða meðvitundarleysis en svo þurfi þó ekki nauðsynlega að vera. Hluturinn sem hafi

valdið þessum áverka hafi verið ávalur fremur en kantaður. Ætla megi að hann hafi verið að lágmarki um 1,3 x 0,7 x 0,5 cm og ekki stærri en 4 x 4 cm. Steinn eða annað upphleypt form á annars sléttum fleti geti hafa valdið innkýlda brotinu í tengslum við fallið. Á grundvelli áverka á líkama brotaþola sé nærtækast að ganga út frá því að hann hafi lent fyrst með vinstri hlið höfuðsins á jörðinni. Ekkert bendi til þess að fæturnir hafi fyrst snert jörðina. Þetta samræmist vel alvarleika heilaáverkanna. Til að slíkt brot eigi sér stað þurfi að koma til verulegur kraftur. Ljóst sé að einungis eitt fall hafi átt sér stað en áverkarnir hafi verið það alvarlegir að útilokað hafi verið að brotaþoli hefði risið upp af eigin rammleik og fallið að nýju. Áverkar á vinstri öxl og viðbeinsbrot geti skýrst af falli á höfuðið. Ekki sé hægt að skýra alla áverkana með fallinu, til að mynda áverka á nefi, hægri hlið andlitsins og hálsins og á hægri eyra. Þessir áverkar hafi komið til fyrir. Ekki sé unnt að tengja rauðleita litabreytingu á vinstri hlið brjóstakassans með vissu við fallatvikið. Hann gæti hafa myndast við björgunaraðgerðir eða við fall á beinan hlut, eins og t.d. svalahandriðið eða eitthvað ámóta. Á grundvelli mynstursins á áverkanum á eyranu gæti verið um skófar að ræða en ekki hafi verið mynd af skóm til samanburðar í gögnum málsins. Blóðkámið á svalahandriðinu bendi til þess að blæðandi áverki hafi orðið til rétt fyrir fallið. Áverkana á vinstri hlið höfuðsins og andlitsins megi skýra út frá einu fallatviki. Innkýlda brotið hafi getað orðið við árekstur við upphleypt yfirborð en að öðru leyti sé aðeins unnt að skýra áverkann út frá sljóum viðbótarkrafti á höfuðkúpuna fyrir fallið.

Í matsgerð L verkfræðings, frá september 2020, kemur fram að afar ósennilegt sé að brotaþoli hafi oltið fram af svölunum án utanaðkomandi krafts, enda hefði hann þá lent nær svölunum. Ekki sé hægt að útiloka að brotaþoli hafi farið sjálfur fram af svölunum, en þá hefði sviðsmyndin líklegast orðið sú að um væri að ræða fall klovvega eða stökk af sjálfsdáðum. Í fyrra tilvikinu hefði hann mögulegt lent á neðri svölum og kastast áfram og það hefði komið honum í rétta fjarlægð frá svalaveggnum. Einnig sé möguleiki að komast í þessa fjarlægð með stökki af svölunum, en þá hefði hann átt að lenda á fótunum og enda á grúfu. Mjög líklegt sé að brotaþoli hafi fallið aftur fyrir sig þar sem láréttur kraftur sem hraðaði brjóstholinu frá kyrrstöðu upp í hraðann 13–15 m/s verkaði á líkanið. Erfitt sé að útskýra slíkan kraft sem verkaði á brjóstholið öðruvísi en að hann hafi komið frá þriðja aðila með höggi á framanvert brjósthol. Það sé líklegast af ofangreindum kostum að brotaþoli hafi fallið aftur fyrir sig vegna ytri lárétts krafts. Ólíklegt sé að sú orka sem myndaðist þegar líkaminn lenti á stéttinni hafi verið næg til að kasta líkama hins látna áfram þannig að lokastaðurinn yrði fjær en lendingarstaðurinn. Þá telur matsmaðurinn að einhver munur sé á hreyfingu gínu og líkama manns vegna massadreifingar en áhrifin yrðu einkum á snúning gíunnar. Matsmaður telur að veðurfar geti ekki hafa haft áhrif á fallið en hreyfing útlíma hafi hugsanlega breytt smávægilega

snúningi og lokastöðu. Þá telur hann að líkamlegt atgervi þess sem kastar gínunni hafi áhrif á niðurstöðu fallsins.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi frá því að hann hefði verið að fagna afmæli afmæli sínu kvöldið fyrir atvikið. Það hefði verið mikil gleði og hann hefði haldið fagnaðinum áfram þegar hann hefði vaknað morguninn eftir. Hann hefði verið vel drukkinn eins og allir aðrir þarna. Einn þeirra hefði jafnvel sofnað við borðið. Svo hefði brotápoli, kunningi hans, bæst í hópinn og sest og spjallað við hann á rússnesku. Brotápoli hefði komið með hitabrusa með sér sem hann hefði gefið honum í afmælisgjöf. Það hefði verið einhver vökvi í honum sem hann vissi ekki hvað var. Hann hefði smakkað hann og kólnað í munninum við það. Hann kvaðst halda að brotápoli hefði einnig drukkið af brúsanum en þó ekki vera viss. Brotápoli hefði verið undir áhrifum áfengis en ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir því af hverju brotápoli hefði komið þarna á sunnudagsmorgni, hvort það hefði verið að hans eigin frumkvæði eða hvort einhver hefði boðið honum, en brotápoli hefði vitað af partíinu. Þeir hefðu rætt í bróðerni um daginn og veginn. Hann mundi þó eftir því að hafa slegið brotáþola utan undir þar sem hann hefði verið ósáttur við að hann hefði viljað hlusta á tónlist frá Afganistan. Brotápoli hefði virst sorgmæddur þegar hann hlustaði á þessa tónlist en hann hefði sjálfur viljað að allir væru glaðir í afmælisveislunni hans. Ekkert ósætti hefði verið á milli þeirra þrátt fyrir þetta. Það væri misskilningur að halda að svo hefði verið, sem stafaði af því að þeir hinir skildu ekki rússnesku. Þeir hefðu m.a. rætt um veru sína í sovéska hernum í tvö ár í kringum 1990 og þjálfun sína við að stökkva úr mikilli hæð. Hann hefði sagt brotáþola frá því að hann hefði sjálfur nýlega stokkið úr mikilli hæð á vinnusvæði, en E hefði verið vitni að því. Ákærði kvaðst svo hafa farið út að reykja. Brotápoli hefði þá einnig staðið á fætur og honum hefði fundist hann fara í sömu átt. Hann hefði ekki séð hann á svölunum en gæti ekki útilokað að hann hefði komið út á svalirnar. Hann lokaði alltaf á eftir sér þegar hann færi út að reykja en myndi ekki eftir því í þetta skipti. Það hefði verið mikið rok og kalt úti og þess vegna verið erfitt að kveikja eld á kveikjaranum. Hann hefði því snúið sér undan og lyft skyrtunni til að fá skjól fyrir rokinu. Þegar hann hefði lokið við að reykja hefði hann snúið sér við og farið aftur inn. Hann hefði þá ekki séð brotáþola og ekki heyrt neitt. Hann hefði fengið sér glas af áfengi en liðið illa og farið inn á baðherbergi og kastað upp. Því næst hefði hann farið inn í herbergið sitt og lagt sig. Hann vissi ekki hvað hann hefði verið lengi eða hvort hann hefði sofnað. Eftir nokkra stund hefði hann hringt í vinkonu sína sem átti afmæli þennan dag og óskað henni til hamingju. Hann hefði svo lagt sig aftur og þegar hann hefði komið fram hefði hann heyrt hjá þeim D, C og B að brotápoli hefði stokkið niður af svölunum. Hann hefði þá farið í hlýja skyrtu og ætlað niður en hann hefði mætt lögreglunni frammi á gangi, sem hefði handtekið hann. Hann hefði verið

handjárnaður og það hefði verið erfitt að komast inn í lögreglubifreiðina. Hugsanlega hefði hann veitt einhvern mótþróa. Ákærði skýrði áverka á augabrún og augnloki sem hann hafði við handtökuna þannig að hann hefði rekist í gleraugu C og blætt hefði úr honum. Þá taldi hann áverka á síðunni vera vegna vinnuslyss í hálfu tveimur til þremur dögum fyrr, en hann fengi oft áverka í vinnunni. Hann kannaðist ekki við að hafa séð áverka á brotþola.

Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann greindi m.a. frá því að hafa farið með brotþola út á svalirnar, að hann hefði haldið að hann hefði séð hann ganga út á svalirnar á eftir sér, hann hefði sjálfur lokað svaladyrunum og hann hefði farið inn að leita að brotþola. Ákærði kvað þetta ekki rétt, heldur hefði hann farið inn og fengið sér í glas en fljótlega farið að líða illa og farið inn á baðherbergi og kastað upp. Hann taldi að hann hefði ekki sagt frá með þeim hætti sem greini í skýrslunum. Spurður um framburð sinn hjá lögreglu um að hafa mögulega verið á leiðinni að kaupa sígarettur kvaðst hann hafa verið á inniskóm og því ekki farið að kaupa sígarettur. Skýringu á framburði sínum taldi hann vera að hann hefði verið of fullur eða þunnur. Hann hefði verið að fara út til að athuga með brotþola.

Vitnið B greindi frá því að þeir félagarnir hefðu verið með gleðskap og verið búnir að vera við drykkju í nokkra sólarhringa þannig að þeir hefðu allir verið undir miklum áfengisáhrifum. Hann hefði sjálfur verið nokkuð drukkinn. Brotþoli, félagi ákærða sem hann hefði kannast við, hefði komið á sunnudeginum. Brotþoli hefði virst eðlilegur og ekki verið með neina áverka. Hann hefði drukkið áfengi með þeim og reykt á svölunum. Einhvers konar átök hefðu orðið á milli ákærða og brotþola, en hann hefði ekki heyrt orðaskil. Þeir hefðu ýtt hvor á annan og ákærði hefði slegið brotþola nokkrum sinnum með flötum lófa. Hann hefði svo séð þá báða fara út á svalir en hann hefði ekki séð hvað hefði átt sér stað þar. Hann hefði setið við borð fyrir innan og það hefði verið mjög hávær tónlist í gangi þannig að hann hefði heldur ekki heyrt neitt. Aðrir í íbúðinni hefðu verið sofandi, D við borðið, C á dýnu á gólfinu og E inni í herberginu sínu. Ákærði hefði svo komið einn inn af svölunum nokkrum mínútum síðar og litið út fyrir að hafa verið í ryskingum eða einhverju slíku. Hann hefði sótt nýja áfengisflösku og sest við borðið hjá þeim. Allir hefðu farið að spyrja hvað hefði gerst. Hann hefði þá farið út á svalir og séð brotþola liggjandi á jörðinni fyrir neðan. Hann kvað sig minna að hann hefði séð nágranna í glugga og heyrt öskur. Þeim hefði brugðið og það hefðu verið mikil læti hjá þeim. Hann hefði klætt sig í skó og farið niður til að veita brotþola fyrstu hjálp en þá hefði einhver verið búinn að hringja á neyðarlínuna. Hann hefði verið í áfalli og hlaupið upp í íbúðina til að láta féлага sína vita að brotþoli væri hreyfingarlaus. Hann hefði ekki séð ákærða þegar hann hefði komið aftur upp í íbúðina. Skömmu síðar hefði lögreglan komið upp til þeirra.

Vitnið E kvaðst hafa búið í íbúðinni þar sem gleðskapurinn var ásamt ákærða og vitninu B. Auk þeirra hefðu þeir D og C verið að skemmta sér þar þessa helgi. Þeir hefðu drukkið á laugardeginum og þegar þeir hefðu vaknað á sunnudeginum hefðu þeir haldið áfram að skemmta sér og drekka áfengi. Hann taldi að hann hefði vaknað um kl. átta þennan sunnudagsmorgun, sofnað aftur og vaknað kl. 11. Brotapoli hefði komið í íbúðina eftir það. Hann hefði kannast við hann en ákærði hefði þekkt hann best. Brotapoli hefði einnig verið drukkin en virst eðlilegur í háttum og skapi og engir áverkar hefðu sést á honum. Hann hefði ekki rætt neitt sérstaklega við hann heldur hefðu allir spjallað við alla og margir hefðu farið út á svalir að reykja. Einhverjir hefðu sofnað við borðið og á dýnu á gólfinu. Hann hefði ekki tekið sérstaklega eftir neinum og ekki orðið var við neinar deilur. Hann hefði verið í stofunni í um hálf tíma eftir að brotapolí kom en síðan farið að leggja sig í herberginu sínu þar sem hann hefði verið er lögreglan kom í íbúðina. Vitnið greindi einnig frá því að ákærði hefði sagt honum að hann hefði lært að stökkva úr mikilli hæð í hernum og sýnt honum stökk úr um sex metra hæð á byggingarsvæði. Ákærði hefði lent á fótunum eins og ekkert væri.

Vitnið C kvaðst hafa komið í íbúðina á föstudegi. Þar hefði verið partí alla helgina og mikið drukkið af bjór og vodka. Þegar hann hefði vaknað á sunnudagsmorgni á dýnu á stofugólfinu hefði verið mikil ringulreið í kringum hann og einhver hefði öskrað að maður hefði dottið niður af svölum. Hann hefði hlaupið út á svalirnar og litið niður. Hann hefði þá séð mann liggjandi á jörðinni og einhver hefði verið nálægt honum, hugsanlega lögregla eða sjúkraflutningamaður. Hann hefði í fyrstu ekki áttað sig á hver það væri sem hefði fallið af svölunum en honum hefði virst allir vera í stofunni. Hann hefði ekki þekkt brotápola vel. Hann hefði komið til þeirra þessa helgi en hann myndi bara óljóst eftir því að hann hefði setið við borðið með þeim. Vitnið kvaðst hafa verið undir miklum áhrifum áfengis og það sama hefði gilt um aðra í íbúðinni. Hann kvaðst muna eftir að hafa farið að opna dyr íbúðarinnar fyrir lögreglunni. Hann hefði reynt að taka úr lás en það hefði ekki gengið og hann þá farið aftur inn í íbúðina og lagst á dýnuna. Spurður hvort ákærði gæti hafa rekist í gleraugu hans kvaðst hann hugsanlega hafa lánað honum gleraugun sín en ekki muna alveg hvaða kvöld.

Vitnið D kvaðst hafa komið í íbúðina að M á föstudags- eða laugardagskvöldi. Hann kvaðst þekkja B og E en einungis kannast við ákærða. Hann kvað þá hafa drukkið áfengi saman í tvo daga. Á sunnudeginum hafi þeir vaknað og haldið áfram að drekka. Hann hefði sofnað aftur og vaknað við þær fréttir að maður hefði fallið fram af svölunum. Hann hefði séð brotápola í fyrsta skipti þennan dag. Hann hefði virst eðlilegur í háttum og allsgáður. Hann mundi ekki eftir að hafa orðið var við neinn ágreining. B og ákærði

hefðu greint honum frá því að maðurinn hefði „dottið“ niður og hann hefði fengið algjört áfall. Lögreglan hefði verið mætt nokkrum mínútum síðar en hann hefði þá verið sofnaður fram á borðið.

Vitnið F kvaðst búa í íbúð á móti íbúð ákærða að M. Umræddan dag hefði verið nokkur umferð út á svalirnar hjá honum. Hún hefði farið inn í herbergi og verið við glugga þar sem sjáist yfir á svalir þeirrar íbúðar. Hún hefði heyrt hávært tal, litið út og þá séð mann á svölunum sem hefði stutt sig við handriðið, hangið svolítið yfir það og litið yfir öxlina á sér í áttina að húsveggnum. Hún hefði ekki séð andlitssvipinn og gæti ekki sagt til um hvort hann hefði verið með meðvitund eða ekki. Eitthvað hefði orðið þess valdandi að henni hefði brugðið. Hún kvaðst ekki muna hvernig maðurinn leit út, heldur sjá bara fyrir sér gráa mannsmynd, og eitthvað við hann hefði valdið henni mikilli ónotatilfinningu. Hún hefði orðið hrædd og kallað í manninn sinn. Hún vissi það þó ekki enn í dag hvað hefði valdið þessari tilfinningu. Hún hefði aldrei fyrir orðið hrædd við mennina í þessari íbúð og í raun varla vitað af þeim. Því næst hefði hún flýtt sér út úr herberginu. Þegar hún hefði verið komin fram á gang hefði henni fundist hún heyra dýnk. Hún hefði svo farið inn í hjónaherbergi, litið út um gluggann þar og þá séð mann liggja þar fyrir neðan. Hún hefði einungis séð frá mitti og niður og því ekki getað greint hvort þetta væri sá sami og hún hefði séð á svölunum. Hún teldi að dýnkurinn sem hún heyrði hefði verið þegar maðurinn lenti á jörðinni. Hún hefði síðan hringt á Neyðarlínuna. Hún lýsti því nánar hvernig hún sæi svalirnar frá herbergisgluggum íbúðar sinnar. Hún kvaðst ekki sjá allar svalirnar, til að mynda sæi hún ekki inn í hornið þar sem svaladyrnar eru. Hún hefði ekki séð nema þennan eina mann á svölunum en það útilokaði ekki að einhver annar hefði verið þar. Hún taldi að maðurinn sem hún sá hefði ekki verið ákærði. Hún kvaðst ekki hafa getað hleypt lögreglunni inn þar sem ákærði og mennirnir úr íbúðinni á móti hefðu verið á ganginum þegar hún hefði ætlað fram og hún hefði ekki þorað að fara fram.

Vitnið G greindi frá því að F, eiginkona hans, hefði verið inni í herbergi þegar hún hefði kallað á hann og beðið hann að koma og líta út um gluggann. Hún hefði sagt eitthvað um að henni litist ekkert á þetta og henni hefði verið töluvert brugðið. Hann hefði farið að glugganum í hjónaherberginu og séð hvar brotápoli hefði legið þar fyrir neðan, en hann hefði einungis séð neðri hluta líkama hans. Hann hefði síðan sagt henni að hringja í Neyðarlínuna. Þetta hefði allt gerst á mjög skömmum tíma. Hann hefði fyrir þennan sama dag litið út um gluggann í hinu herberginu og séð þá nokkra menn á svölunum en þá hefði allt verið í lagi. Hann kvaðst ekki viss um hvort hann hefði séð einhvern á svölunum eftir að hann hefði séð manninn liggja fyrir neðan og mundi ekki

eftir að hafa heyrt óp eða öskur. Hann mundi ekki til þess að hafa séð mann á svölunum en taldi að hann hefði sagt rétt til um það hjá lögreglu.

Vitnið H kvaðst hafa verið heima hjá sér í íbúðinni fyrir ofan ákærða þennan sunnudag. Hann hefði rekist á þá félagana í húsinu annað slagið og þeir alltaf verið mjög almennilegir. Þeir væru vanir að fá sér bjór á föstudagskvöldum og þá heyrði hann í þeim. Hann hefði heyrt mikið í þeim þessa helgi. Einhverjir hefðu rifist og hann hefði heyrt öskur. Hann hefði ekki velt því mikið fyrir sér. Hann hefði verið að ryksuga þegar hann hefði heyrt skell, sem hljómaði eins og hurðarskellur, og síðan hátt öskur frá karlmanni, en haldið að þetta væru krakkar að leika sér. Skömmu síðar, hugsanlega um 15 til 20 mínútum, hefði honum orðið litið út um glugga og séð lögreglumenn hlaupa bak við hús. Hann hefði þá farið út á svalir og séð mann liggja á jörðinni og lögreglumenn í kringum hann.

Vitnið J réttarlæknir greindi frá krufningu á brotaþola. Hann kvað dánarorsökina hafi verið áverka á heila, brjóstkassa og brjóstholslíffæri. Áverkar á líkinu hafi verið mjög umfangsmiklir og á flestöllum líkamssvæðum, einkum á höfðinu og á bolnum. Það hafi verið áverkar á höfuðleðrinu, mar og skrámur, og undirliggjandi höfuðkúpubrot. Síðan hafi verið áverkar á heilanum, heilamar beggja vegna á heilanum. Marblettir af ýmsum stærðum og gerðum og skrámur hafi verið á báðum hliðum andlitsins, á nefinu og á enninu. Minna hefði verið um smásár og skrámur á griplimum og ganglimum, en markverðast væri sár á vinstri il. Einnig hafi verið brot á brjóstkassanum á fjölmörgum rifjum og á brjósthyggjarliðum. Blæðing hafi verið inn í brjóstholið og talsverður slitáverki á lunga. Svo hafði orðið loftbrjóst í báðum pörtum brjóstkassans. Sljór áverki hafi komið á vinstri hlið höfuðsins. Áverkinn sé þannig gerður að hann hafi tvo mjög klára þætti. Annar þeirra sé sértækari, en það sé innkýlt brot sem sé tilkomið fyrir steyt gagnvart hörðum hlut með lítið ákomuyfirborð, markaðan mótaðan hlut eða yfirborðspátt. Brotið sé algjörlega klassískt fyrir ákomu með áhaldi eða hlut sem sé mótaður. Þetta brot komi ekki við högg gegn sléttum fleti. Áverkamyndin hvað varði höfuðið og höfuðkúpubrotin sé samt umfangsmeiri en svo þar sem annar þáttur áverkans á höfuðkúpunni geti verið tilkominn fyrir högg gagnvart flötu yfirborði. Tveir möguleikar séu á því hvernig þessir áverkar hafi komið til. Annars vegar að innkýlda brotið hafi komið í sama veffangi og brotaþoli hafi fallið á sléttan flöt eða að um tvo aðskilda atburði sé að ræða þannig að innkýlda brotið hafi komið til á undan falli á sléttan flöt, Það er að segja, þá er það fall, annaðhvort á sléttan flöt með útstandandi þætti, þá er flöturinn sem sagt ekki alveg sléttur, eða þá að það er högg með hörðum sljóum hlut áður en brotaþoli fellur á sléttan flöt. Hann hallist sjálfur að því að brotaþoli hafi orðið fyrir höggi áður en hann féll. Hann hafi ekki getað sagt neitt til um röð áverkanna með hliðsjón

af lögmáli Puppe. Ef innkýlda brotið hefur komið til við mjög lítinn hlut, að stærð um einn til tveir sentimetrar, ætti það að endurspeglast í höfuðleðrinu í formi sárs. Svo lítil hlutur myndi hafa stimplast inn í húðina miklu frekar en steinn eða hlutur sem væri til dæmis um fjórir sentimetrar.

Margir áverkanna á húðinni, yfir eyranu, á vinstri kinn o.fl. gætu líka skýrst af höggi gagnvart flötu yfirborði eða falli á flatt yfirborð. Áverkarnir hafi tilhneigingu til ákveðinnar mynstrunar sem skýrist oftast betur af höggi gagnvart munstruðu yfirborði, eins og sjáist stundum eftir spörk eða þvíumlíkt. Svo sé áverkakerfi hægra megin á andlitinu sem samanstandi fyrst og fremst af yfirborðskenndum marblettum, einkum svokölluðum leðurhúðarblæðingum sem hafi sumar hverjar tilhneigingu til þess að sýna mynstur. Það sé dæmigert við högg sem séu veitt með spörkum eða einhverju slíku og sjáist oft við árásir. Hluta af áverkum væri hægt að taka út sérstaklega og skýra af eigin steytum eða slysförum við að falla eða reka sig í. Þetta eigi t.d. sérstaklega við um áverka sem birtist á vinstri hlið brjóstakassans og sé aflangur marblettur sem skeri sig eilítið úr. Þessi áverki hljóti að hafa komið til við einhvers konar högg eða steyt gagnvart hörðum kanti. Skrámur séu á hálsinum og litabreyting sem líklegast sé leðurhúðarblæðing sem hafi komið fram við þrýsting. Auk þessa hafi brotápoli verið með punktblæðingar í slímhúðum augnanna sem geti hafa komið til við tak eða kraft gagnvart hálsinum sem hafi skert blóðflæði um stund að minnsta kosti. Þá séu sár á vinstri il sem séu nokkuð sérstök, margþátta og líklegast komið til fyrir skarpan kraft og með skerandi þáttum. Hægt væri að sjá fyrir sér t.d. að stíga á glerbrot og renna til eða eitthvað í þá veruna. Hann hafi farið á vettvang og skoðað aðstæður eftir atburðinn og séð steindan vegg inni á svölunum og framan á svalavegg og velt því fyrir sér hvort áverkinn hefði komið við skrap við eitthvert slíkt yfirborð þar sem ekkert annað hefði sést sem átt gæti við. Ekki sé útilokað að sárin hafi komið eftir skrap við vegginn og ekki víst að blóð hefði þurft að koma á vegginn hafi svo verið. Jafnframt séu skarpir áverkar á fótum sem séu mjög grunnt rístandi og sár á handarbökunum sem hafi komið til við sljóan kraft, líklegast snertingu við hrjúft yfirborð og marblettir á vinstri framhandlegg og hægri fótlegg sem ekki sé hægt að segja neitt meira um. Þetta séu sljóir áverkar sem hafi komið til fyrir smávægileg högg. Skráma á vinstri rist hafi orðið til við skrap gagnvart hörðu, hrjúfu yfirborði og svo séu sár á vinstri hendi og vinstri úlnlið sem hafi myndast af sljóum krafti, líklegast í formi snertingar við harðan kant eða odd. Langflestir áverkanna séu ferskir og samræmist því að hafa orðið skömmu fyrir atburðinn 8. desember 2019.

Þeir áverkar sem passi ekki við fall á sléttan flöt séu hægra megin á andlitinu og á nefinu vegna þess að brotápoli hafi lent vinstra megin á efri hluta líkamans og fallið sé ekki það hátt að hann hefði átt að skoppa og lenda aftur. Við það sé ekki að vænta svo flókens áverkakerfis á hægri hluta andlitsins. Þá passi innkýlda brotið á hvirflinum, um 4,5 sentimetrar eða svo, ekki heldur við fall á sléttan flöt. Það sama eigi við um sérstaka

skurðinn á ilinni. Einnig sé hæpið en ekki útilokað að áverki vinstra megin á brjóstkassann, sem samrýmist því að hafa orðið fyrir höggi eða steyt við harðan kant, hafi komið til við fallið. Undir hafi verið mjúk kviðarblæðing. Sá áverki samrýmist því t.d. að brotaþoli hafi lent harkalega utan í svalahandriðinu en þó sé ekki útilokað að hann hafi komið til þegar líkaminn hafi bögglast saman í fallinu. Rifbein brotaþola hafi verið brotin báðum megin. Það geti að einhverju leyti skýrst af endurlífgunartilraunum, en þó ekki öll rifbeinsbrotnin. Rifbeinsbrot hafi einnig komið til við lendingu á axlarsvæðið og höfuðið, og jafnframt áverkar á brjóstkassa, lungum og stærri hluti brotakerfisins á höfðinu.

Áverki sem hafi blætt úr og samrýmist ekki fallinu sé t.d. áverkinn á ilinni og lítillaga gæti hafa blætt úr skrámunum í andlitinu. Þá sé mögulegt að blætt hafi úr áverkanum á hvirflinum og eins kunni brotaþoli að hafa fengið blóðnasir. Blóðrannsókn hafi leitt í ljós að brotaþoli væri með áfengi í blóðinu en engin lyf hafi fundist þótt skimað hefði verið fyrir ótal mörgum lyfjum, sérstaklega róandi lyfjum, sterkum verkjalyfjum og ávanabindandi lyfjum. Leitin sé mjög umfangsmikil og m.a. eigi að koma fram hvort viðkomandi hafi verið að taka róandi lyf eða þunglyndislyf.

Vitnið kvaðst eiga erfitt með að taka afstöðu til þess hvernig brotaþoli hefði fallið af svölunum en sér hefði fundist óvanalegt hvað hann hefði legið langt frá svölunum og hugsað hvort það þyrfti ekki einhvern aukalegan kraft til. Ef um stökk hefði verið að ræða væri líklegra að brotaþoli hefði lent á fótunum. Vegna hæðar handriðsins á svölunum sé ólíklegt að brotaþoli gæti hafa slystast yfir það.

Þá greindi vitnið frá skoðun sinni á ákærða. Hann hefði verið með ferskan áverka á síðunni. Mjög langsótt væri að hann hefði myndast nokkrum dögum fyrr. Þessi áverki gæti vel hafa komið til við skröpun við handrið en það gæti líka ýmislegt annað hafa gerst. Ólíklegt væri að þetta hefði komið við það að ákærði væri færður inn í lögreglubifreið. Áverkar ákærða hefðu ekki endilega verið sértækir fyrir neitt. Sár við auga hafi til að mynda ekki verið eftir mjög hart högg. Þá hafi marblettir verið að myndast. Einhverjir þessara áverka gætu hæglega skýrst af verklegri vinnu.

Vitnið K, réttarmeinafræðingur og dómkvaddur matsmaður, staðfesti matsgerð sína fyrir dóminum. Hann kvaðst hafa lagt mat á aldur áverkanna á hinum látna og það hvernig áverkarnir hefðu orðið til á grundvelli ljósmyndagagna. Hann hefði verið beðinn að svara því hvort þrýstingsbrot vinstra megin á ofanverðri höfuðkúpu og áverkar, sem hefðu verið á hinum látna, hefðu orðið til vegna falls á sléttan flöt eða vegna höggkrafts. Það sé algjörlega ótvírætt að þessi áverki á höfuðkúpunni hafi ekki getað orðið til við fall á sléttan, harðan flöt. Vitnið sýndi þrívíddarprentaða höfuðkúpu byggða á myndgögnunum sem hann vann úr og sýndi áverkann. Hann hefði einnig verið spurður um það hversu stór laus hlutur eða útstandandi hlutur á jörðinni, á fletinum þar sem hinn

látni hefði lent, hefði þurft að vera til þess að framkalla þetta brot. Hann telji lágmarksstærð slíks hlutar hafa þurft að vera 1,3×0,7×0,5 cm. Brotið hefði getað komið til annars vegar vegna höggs með ákomu þarna á höfuðkúpuna eða þá við fall á sléttan flöt þar sem fyrir hefði verið einhver útstandandi hlutur. Áverkarnir séu nánast alfarið vegna sljórrar kraftákomu. Ekki sé unnt með algjörri vissu að ákvarða aldur mars þegar um sé að ræða nýja eða ferska áverka. Mar geti verið frá því að vera algjörlega nýtt yfir í að vera tveggja eða þriggja daga gamalt án þess að hægt sé að greina það nákvæmlega. Hægra megin á höfðinu hafi einnig greinst nýir yfirborðsáverkar, þ. á m. húðrifa ofan við hægra eyra sem virðist hafa orðið til á dánardegi. Áverkarnir hægra megin á höfðinu, bæði ofan við eyrað og á augnsvæðinu, verði ekki skýrðir með fallinu. Útlit áverkans við hægra eyrað bendi til þess að hann hafi orðið til við kraftáverka með einhverjum mótuðum hlut. Áverkarnir á vinstri líkamshelmingi, á brjósthólssvæði, hryggjarsúlusvæði og höfuðbeinum, verði auðveldlega útskýrðir með háu falli á sléttan flöt.

Á vinstri il hafi sést ummerki um skarpan eða hálfskarpan áverka. Einnig séu ummerki á hægra fæti, en ógreinilegri. Líklegasta skýringin á þessum áverkum á fótum sé sú að þeir hafi orðið til við snertingu á ytri hlið svalanna. Blóðkám hafi fundist ofan á svalahandriðinu sjálfu, en það gefi sterklega til kynna að brotþola hafi blætt áður en hann féll fram af svölunum. Hann telji því líklegustu atburðarásina vera þá að brotþoli hafi fyrst runnið með iljarnar utan á svölunum og snúist síðan í loftinu þannig að hann hafi lent vinstra megin á höfðinu á jörðinni. Við fallið hafi síðan neðri hluti líkamans væntanlega sveigst harkalega yfir miðjan líkamann í átt að höfuðstefnu og við það hafi orðið beinbrot bæði á rifbeinum og hryggjarsúlu. Loks hafi líkaminn lent á bakinu og það útskýri frekari rifbeins- og hryggjarsúluáverka. Ef horft er á stóru beinbrotin á höfuðkúpunni sjáist hringlaga, miðlægt, innkýlt brot sem sé meginbrotið og í kringum það frekari brotasvæði. Síðan sjáist einnig í beinni stefnu fleiri brotasprungur sem allar gangi út frá hinu miðlæga, innkýlda broti og séu í rauninni sprungur út frá því. Um sé að ræða eitt samhangandi brotakerfi. Ef um er að ræða tvö högg á höfuðkúpuna finnist miðlægt aðalbrot, en geislabrotin út frá því stöðvist við geislabrotin frá fyrra brotinu. Þau nái ekki út fyrir þá geisla heldur staðnæmist við þá. Þetta samhengi er kallað lögmál Puppe. Við skoðun á höfuðkúpunni hafi engar vísbendingar fundist um tvo brotaáverka. Þetta útiloki ekki algjörlega að um hafi verið að ræða tvö brotaatvik en geri það afskaplega ólíklegt. Þá geti rifbeinsbrot að einhverju leyti hafa orðið til við endurlífgunartilraunir. Varðandi blóð í nösnum sé mögulegt að brotþoli hafi fengið blóðnasir fyrir fallið en það hafi einnig geta komið til vegna fallsins. Áverkar við hægra eyra og augnsvæði séu þess eðlis að líklega hafi blætt úr þeim og það sé vel hugsanlegt að blóð frá þeim hafi smurst ofan á svalahandriðið.

Vitnið I, prófessor í vélaverkfræði, greindi frá vinnu sinni við málið fyrir lögreglu. Hann lýsti nánar sviðsetningu á mögulegum atvikum málsins. Hann hefði skoðað þrjár mögulegar sviðsmyndir þess sem hefði getað gerst. Við sviðsetninguna hefði það annars vegar verið athugað að manni væri kastað fram af handriði í þeirri hæð þar sem svalirnar voru og hin sviðsmyndin hefði verið að maður félli fram af handriðinu. Að auki hafi hann kynnt sér rannsóknir um föll úr ákveðinni hæð og teiknað upp þriðju sviðsmynd út frá rannsóknum sem miðaðist við að brotápoli hefði stokkið. Af sviðsetningunni að dæma sé það líklegasta sviðsmyndin að brotápoli hafi verið kastað. Ástæður þess séu nokkrar; hversu langt hann hafi farið við þröngar aðstæður, hvernig hann hafi lent og hvernig áverkarnir hafi verið. Hann hafi byggt á lýsingu á áverkum og rannsóknum á líklegum hraða manns sem stekkur fram af svölum miðað við lengstu fjarlægð sem hann hafi farið. Hraðinn sé miðaður við íþróttamann sem geti tekið eitt til tvö skref í stökkinu. Niðurstaðan hafi verið sú að hann hefði getað farið rúma tvo metra miðað við að hann stæði uppi á svalahandriði og spyrnti sér frá. Fyrir fram hefði hann talið að hægt væri að ná lengri vegalengd með stökki en með því að manni væri kastað. Í sviðsetningunni hafi komið í ljós að hægt sé að nýta sér það að fylgja eftir búknum þegar honum sé kastað. Brúðu í sömu þyngd og brotápoli hefði verið kastað fjórum sinnum af öllu afli af lögreglumanni. Hann hefði sveiflað henni og fylgt eftir og þar af leiðandi náð meiri hraða og krafti en hann hefði gert ráð fyrir. Hann hefði náð sambærilegri vegalengd við fjarlægð brotápoli frá svölunum í öllum köstum. Þá hafi komið fram í þeim rannsóknum sem vitnið hafi kynnt sér að þegar stokkið sé fram af sé algengast að lenda á fótunum. Þegar kastað sé með afli sveiflist búkurinn til. Þetta hafi komið í ljós í sviðsetningunni, en hún hafi verið mynduð úr öllum áttum. Þá hafi brúðan lent nokkurn veginn samsíða veggnum. Þegar hún hafi verið látin fara fram af, en ekki verið kastað, hafi hún lent hornrétt frá veggnum. Hefði henni verið hrint teldi hann að hún hefði farið styttra. Samkvæmt þeim fræðigreinum sem hann hefði kynnt sér væru mestar líkur á að fólk sem félli úr þessari hæð myndi lifa það af. Talað sé um að fólk setji fæturna fyrir sig og lendi á þeim. Sé það hins vegar ekki viðbúið geti það lent hvernig sem er. Útreikningar hans hafi lotið að því hve miklum hraða þyrfti að ná til þess að ná ákveðinni vegalengd frá svölunum. Lengst sé hægt að ná með því að taka tilhlaup og stökkva. Hann hefði hins vegar ekki rannsakað sérstaklega fleiri sviðsmyndir en þessar tilgreindu. Hann hefði byggt á rannsóknum sem hefðu sagt að góður íþróttamaður sem tæki eitt eða tvö skref og stykki gæti náð tveimur til þremur metrum á sekúndu. Ef ekkert skref hafi verið tekið miði hann við minni hraða og skoði hámarkið sem hann hefði getað náð. Af sviðsetningu atburðarins sé hægt að draga þá ályktun að sveifla hafi myndast sem hafi valdið því að brotápoli hafi lent samsíða veggnum sem hann kom frá. Hann hefði hins vegar ekki kannað nógu vel hvort hægt væri að draga ályktanir af því hvaða líkamshluti snerti fyrst jörðina. En því meiri sem fallhæðin sé, þeim mun fleiri

möguleikar séu á því hvernig líkaminn geti lent þar sem ferillinn sé svo langur. Þá fari að koma viðnám, loftmótstaða og annað slíkt inn í þetta, en í innan við tíu metra hæð sé það algengast ef menn stökkva fram af að þeir lendi á fótunum. Til þess að ná þessari vegalengd hafi stökkið þurft að vera kröftugt. Þarna hafi ekki verið aðstæður til þess auk þess sem landingarstaðan passi ekki við slíkt stökk.

Vitnið L verkfræðingur, dósent í heilbrigðisverkfræði og dómkvaddur matsmaður, gerði grein fyrir matsgerð sinni í málinu. Búið hefði verið til líkan af manneskju þar sem reynt hafi verið að hafa massadreifinguna sem líkasta raunverulegri manneskju eftir formúlum sem taki tillit til hæðar og þyngdar einstaklings. Líkanið hafi samanstðið af 15 hlutum sem hafi verið tengdir saman þannig að það hafði liðamót. Líkanið hafi getað hreyft liðamótin en það hafi ekki verið neinir vöðvar í því. Þyngdarpunktarnir hafi verið eins nákvæmir og mögulegt sé. Líkönin hafi bent til þess að það hefði þurft einhvern utanaðkomandi kraft til þess að koma einstaklingnum í þá stöðu sem hann hafi legið í þessa 3,3 metra frá svalahandriðinu. Vitnið hafi framkvæmt hermanir þar sem byggt hafi verið á því að brotaþoli hefði oltið eða staðið uppi á svalahandriðinu og dottið. Þær hermanir hafi ekki bent til þess að þetta væri líklegt þar sem líkanið hafi endað töluvert langt frá þeim stað sem brotaþoli fannst á. Hann hafi einnig skoðað fall þar sem einstaklingurinn hafi horft fram fyrir sig og hraði verkaði á bakið. Hermanirnar fyrir fall fram á við hafi bent til þess að hægt væri að setja kraft á og koma einstaklingnum á svipaðan stað, en líkönin hafi þó flest bent til þess að einstaklingurinn lenti á grúfu, þótt sumar hermanirnar bentu til þess að hann hefði lent á fótunum Þetta skipti máli þar sem einstaklingurinn liggi uppi við svalahandriðið sem sé 1,2 metrar á hæð. Átakspunkturinn komi þar fyrir ofan og valdi þessum snúningi sem geti fengið einstaklinginn til þess að snúast yfir svalahandriðið og búi til þennan kraft sem fari áfram. Þá hafi einnig verið hermt fall aftur á bak. Miðað við þá stellingu sem brotaþoli hafi fundist í, á bakinu samsíða svalabrúninni, hafi hermanirnar bent til þess að fall aftur á bak væri möguleg eða jafnvel líkleg skýring. Krafturinn sem hafi þurft til að koma brotaþola þessa vegalengd sé ekki verulega mikill. Matsmaðurinn taldi auðvelt að ná þeirri vegalengt sem um ræði með stökki án atrennu en það sé sambærilegt og að stökkva rúman metra lárétt út af því að fallið sé um sjö metrar hæð. Þeir tveir metrar sem upp á vanti komi sjálfkrafa í fallinu. Aðspurður kvaðst hann ekki sjá neina snertingu á il í sviðsmyndunum. Matsmaðurinn taldi fall aftur fyrir sig líklegustu niðurstöðuna, en ekki væri hægt að útiloka stökk.

Vitnið N lögreglumaður greindi frá komu sinni á vettvang eftir tilkynningu um að maður hefði farið fram af svölum. Hann hefði fyrst farið bak við hús og séð hvar brotaþoli hefði legið þar sem blóðpollur var á jörðinni. Svo hafi verið farið upp í íbúðina

þar sem talið hafi verið að brotaþoli hefði farið fram af. Þeim hafi fundist einkennilegt hvað blóðpollurinn hefði verið langt frá svölunum og viljað skoða þetta vel með hliðsjón af því hvort um fall eða stökk eða eitthvað saknæmt hefði verið að ræða. Ákveðið hefði verið að kalla til frekari mannskap til að vinna í málinu. Það hafi verið snjófól úti og lögreglumenn hafi gætt sundsins þar sem brotaþoli hafi legið, en það sé þakið á bílastæðakjallara. Aðrir lögreglumenn hafi verið uppi að passa íbúðina. Hann hafi ákveðið að byrja á því að varðveita þau gögn sem hafi verið fyrir hendi með því að gera þrívíddarskann af svæðinu. Skanninn sé notaður til þess að ljósmynda og varðveita mögulegar mælingar. Að því loknu hafi verið teknar nokkrar ljósmyndir til þess að festa aðstæðurnar á mynd. Þakið hafi verið mjög slétt steipt og mætti líklega kalla það véslípað. Í horninu þar sem blóðið hafi verið hafi verið smá snjófól. Það hafi verið hvasst nema í horninu sem hafi orðið til þess að snjórinn hafi fokið þangað. Lögreglumenn á vettvangi hafi bent á að brotaþoli hefði legið með höfuðið í blóðpolli samsíða svölunum. Snjórinn þarna á staðnum hafi allur verið traðkaður af björgunaraðilum sem hafi verið að sinna honum. Annars hafi þakið verið steipt hornanna á milli og engin beð, gras eða mól að finna. Ákveðið hafi verið að skoða íbúðina og svalirnar. Leitað hafi verið mjög vel á planinu að munum frá brotaþola, eins og gleraugum eða síma. Einungis hafi fundist smella af úri brotaþola og einn inniskór sem ekki hafi verið vitað hvort tengdist málinu. Ekkert hafi staðið upp úr að sjá, svona í minningunni, á planinu. En á þessum tímamarki hafi svo sem ekki verið horft eftir einhverri mól eða öðru slíku á planinu. Snjórinn hafi einungis verið nokkrir millimetrar. Notaður hafi verið þrívíddarskanni fyrir vettvanginn, en þar sem snjórinn hafi slæm áhrif á hann virki myndin eins og það séu skellur á henni og hún verði ekki áreiðanleg. Ekkert hafi staðið upp úr jörðinni við skoðun á myndinni, en hún sé ekki nægilega skýr. Vegna þessa hafi líka verið teknar myndir með hefðbundinni myndavél og ekkert sjáist á þeim myndum heldur. Hann hafi ekki verið viðstaddur þegar slökkviliðið þreif planið, en hann viti til þess að þeir hafi gert það með úða úr dælubíl. Lítil kraftur sé í vatninu. Öllu hafi verið sprautað í átt að niðurfallinu en hefði eitthvað fundist þar hefði slökkviliðið látið vita. Vitnið greindi frá skoðun á svölunum. Sagði hann þær hafa verið ljósmyndaðar ítarlega og því næst skoðaðar með fjölbylgjuljós-gjafa samdægurs. Svalirnar hafi verið skoðaðar að utan en ekkert hafi fundist. Framhaldsrannsókn hafi farið fram nokkrum dögum síðar. Steinaðir veggir hafi sérstaklega verið skoðaðir vegna áverka á il brotaþola en ekkert hafi fundist. Ýmsa muni hafi verið að finna á svölunum en einungis gaskútur hafi ekki virst vera á sínum stað. Hamrar í eigu ákærða hafi verið haldlagðir til að leita lífsýna en ekkert hafi komið út úr því.

Vitnið O lögreglumaður greindi frá því að hann hefði skoðað þá sem hefðu verið handteknir í málinu auk þess sem hann hefði farið á vettvang og tekið ljósmyndir.

Myndirnar af mönnum hefðu verið teknar sama dag og þeir voru handteknir og það hefði gengið misvel. Ákærði hefði til að mynda veitt mikla mótspyrnu þannig að þurft hefði að halda honum niðri. Sérstaklega hefði verið mæld hæðin upp í áverka á síðu ákærða til að sjá hvort áverkinn gæti hugsanlega verið tilkominn vegna núnings við efri brún handriðs á svölunum. Honum hefði virst áverkinn vera nýr, en hann væri þó ekki sérfræðingur í því. Hann gæti vel ímyndað sér að ef þetta hefði komið til við einhver átök á svölunum hefðu menn ekki alltaf staðið alveg uppréttir þannig að það væri ekki óeðlilegt að áverkinn væri hærra á líkamanum en næmi hæð handriðsins. Hann kvaðst hafa komið að sviðsetningu atburða. Áður en farið hafi verið í það hafi verið fundað með réttarmeinafræðingi, verkfræðingi og rannsakara málsins til þess að leggja á ráðin um hvernig væri hægt að framkvæma þetta. Það hafi komið í ljós miðað við hæð handriðsins að það hefði þurft að lyfta brotþola með einhverjum hætti, þar sem svalahandriðið væri það hátt að erfitt hefði verið að komast yfir það. Það hafi virst þurfa einhvers konar lyftingu og eitthvert afl frá öðrum til þess að lenda svona út frá svölunum eins og brotþoli hafi gert. Markmiðið með sviðsetningunni hafi verið að kanna kraftinn á því hvort einhver gæti fræðilega kastað manni þessa vegalengd. Reynt hafi verið að varpa ljósi á hvort það væri erfitt að koma einhverjum þetta langt frá svölunum eða hvort þetta gæti komið til vegna slysafalls fram af eða þess háttar. Vitnið kvaðst hafa farið aftur á vettvang síðar ásamt mönnum úr tæknideild og réttarmeinafræðingi. Þá hefði verið leitað í herbergjum og einhver áhöld haldlögð.

Vitnið P, sérfræðingur við tæknideild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, rannsakaði muni af vettvangi. Hann kvað blóð á inniskó sem fannst utanhúss hafa smitast af úlpu hins látna en fullyrt hefði verið við hann að ekkert blóð hefði verið á honum þegar hann fannst. Sýni hafi verið tekin af nöglum ákærða og brotþola en ekkert hafi fundist. Blóð hefði fundist úr ákærða á buxum hans og á buxum C. Blóðið á svalahandriðinu hefði verið úr brotþola, en þar væri einungis um að ræða kám eftir að blóðugur hlutur hefði verið settur á eða komið við svalahandriðið. Ekki hefði fundist blóð úr brotþola á fatnaði ákærða. Hann hefði einnig rannsakað verkfæri sem hefðu verið haldlögð við rannsókn málsins en ekki hefði verið hægt að finna þar DNA eða það hefði ekki verið nægilegt til greiningar. Á skefti á hamri hefði komið fram DNA frá ákærða ásamt einhverju viðbótar DNA sem ekki hefði verið nægilegt til að samkenna.

Vitnið Q lögreglumaður greindi frá komu sinni á vettvang. Hún kvaðst hafa verið í annarri lögreglubifreiðinni sem mætti á staðinn. Tilkynning hefði borist um að maður hefði fallið þrjár hæðir á M og það hefði verið það eina sem þau hefðu vitað við komuna á staðinn. Þau hefðu séð mann liggja á jörðinni fyrir neðan svalirnar. Við inngang hússins hefði einn maður, sem hefði verið undir áhrifum áfengis, komið á móti þeim og verið

handtekinn. Hún hefði tekið eftir áverkum á höndum hans og hnúum. Hann hefði verið handjárnaður og færður inn í lögreglubíl en hefði veitt mótspyrnu við það og því hefði þurft að beita valdi. Hann hefði ekki getað rætt mikið við þau í bifreiðinni á leiðinni vegna tungumálaörðugleika.

Vitnið R lögreglumaður stýrði rannsókn málsins og gerði grein fyrir henni. Borist hefði tilkynning um að maður hafi farið fram af svölum og væri vart hugað líf. Þegar hann hefði komið á vettvang hefðu margir lögreglumenn verið þar fyrir og verið að handtaka þá sem voru þar innandyra. Þegar um hægðist hefði vettvangurinn verið rannsakaður. Snjófjúk hafi verið en ekki ísing. Stór blóðpollur hefði verið fyrir neðan svalirnar og þegar málið hefði verið skoðað betur hefði þetta litið undarlega út þar sem lega brotþola hefði verið ódæmigerð miðað við það sem sæist oft þegar fólk detti fram af. Þá hefði ákærði verið á leiðinni út þegar lögregla hefði komið á vettvang og virst ætla að flýja. Mikið ölvunarástand hafi verið á mönnunum. Hann hefði í kjölfarið farið á slysadeild þar sem lík brotþola hefði verið skoðað betur. Þá hefðu komið í ljós áverkar sem hefðu litið út fyrir að tengjast fallinu ekki beint. Við skoðun réttarmeinafræðings hefði auk þess komið í ljós innkýlt brot á höfuðkúpu sem virtist ekki samsvara fallinu niður á gangstétt. Erfitt hefði reynst að fá heildstæða mynd af því sem hefði gerst vegna mikillar ölvunar viðstaddra. Rannsóknin hefði leitt í ljós að ákærði hefði verið úti á svölum með brotþola skömmu áður og einhver átök hefðu átt sér stað á milli þeirra. Einn hinna fjögurra sem hefðu verið í íbúðinni hefði getað borið vitni um það. Ákærði hefði verið nokkuð reikull í framburði varðandi ýmislegt en reyndar nokkuð stöðugur um það sem gerðist úti á svölum. Vettvangurinn hafi verið sviðsettur og hafi þá verið leiddar líkur að því að brotþola hefði verið kastað fram af svölunum. Niðurstaðan hefði verið sú að það hefði þurft aukakraft til að koma brotþola þessa vegalengd frá svölunum þangað sem hann hefði fundist liggjandi. Vitnið greindi nánar frá ákveðnum atriðum varðandi rannsóknina. Hann lýsti því m.a. að reynt hefði verið að fá nánari upplýsingar um herþjónustu ákærða og brotþola en þar hefðu þeir komið að lokuðum dyrum.

Vitnið S lögreglumaður greindi frá aðkomu sinni á vettvang. Borist hefði útkall um að hugsanlega hefði maður fallið af svölum í íbúðarblokk. Hún og félagi hennar hefðu verið fyrst á vettvang. Þau hefðu farið bak við húsið og séð mann liggjandi í jörðinni hreyfingarlausan og engan annan þar í grennd í fyrstu. Engin ummerki hefðu verið um hreyfingu mannsins eða nokkurs þar í kring. Þau hafi athugað lífsmörk brotþola og fundið smá lífsmörk. Svo hafi farið að korra í honum. Stuttu seinna hefðu sjúkraflutningamenn komið og rétt áður hefði hún heyrt í mönnum á þriðju hæð og litið upp. Hún hefði þá séð erlenda menn þar og spurt hvort þeir þekktu manninn á jörðinni. Þeir hefðu sagt að þeir þekktu hann. Svo hefði maður komið út á svalir á fjórðu hæð en

hann hefði ekki þekkt brotaþola. Skömmu síðar hefðu fleiri lögreglumenn komið og þau þá ákveðið að fara inn í húsið. Þá hefði maður verið að koma út og aðrir lögreglumenn hefðu handtekið hann. Þau hefðu farið upp á þriðju hæð í íbúðinni þar sem erlendu mennirnir hefðu verið úti á svölum. Heyrst hefði skvaldur þar innandyra og reynt hefði verið að opna dyrnar. Þar sem málið hefði verið álitnið alvarlegt hefðu þau ekki getað beðið og ruðst inn í íbúðina með því að brjóta upp hurðina. Allir sem voru innandyra hefðu verið handteknir. Hún hefði síðan farið upp á fjórðu hæð og talað við vitnið þar sem hefði komið út á svalirnar auk þess sem hún hefði rætt við vitni í íbúðinni á móti sem hefði tilkynnt atvikið. Konan á móti hefði verið í miklu áfalli.

Vitnið T lögreglumaður kvaðst hafa komið fyrstur á vettvang ásamt S og farið aftur fyrir húsið og séð manninn á jörðinni. Hann hefði kannað lífsmörk og bráðaliðar hefðu komið fljótlega og byrjað endurlífgunaraðgerðir. Brotaþoli hefði verið með púls en ekki andað. Skömmu síðar hefði munnur hans fyllst af blóði. Staða brotaþola hefði vakið athygli hans, hvernig hann hefði legið með hendur niður með síðum og í mikilli fjarlægð frá svölunum. Það hefði komið út maður á svölunum á þriðju hæð og litið niður og svo hefði maður komið út á svalirnar á fjórðu hæð og sagt að það hefðu verið einhver læti þarna fyrir neðan og talið þetta tengjast því. Þegar bráðaliðar hefðu komið hefðu þau farið fram fyrir húsið. Þar hefði verið komin áhöfn af annarri lögreglubifreið og hún hefði verið búin að stöðva ákærða fyrir framan innganginn á húsinu. Sér hefði verið bent á áverka á ákærða og hann hefði handtekið hann og flutt á lögreglustöð. Viðbrögð ákærða hefðu vakið grunsemdir auk staðsetningar og legu brotaþola. Þau hefðu svo farið upp í íbúðina og heyrt í fólki fyrir innan. Maður hefði komið að hurðinni, hreyft hurðarhúnninn en ekki opnað. Hann hefði þá ákveðið að láta sparka upp hurðinni og þau hefðu farið inn og handtekið alla sem voru inni. Allir mennirnir hefðu verið ölvaðir.

Vitnið U kvað brotaþola hafa unnið í rúman mánuð í fyrirtæki mannsins hennar sem sé smíðafyrirtæki. Hún hafi ekki þekkt hann mikið en hún hafi starfað hjá fyrirtækinu við að senda launaútreikninga til endurskoðanda. Brotaþoli hafi unnið 29. ágúst til 28. september 2019, en þá farið heim í mánuð, en þá hefði annar tekið við sem hefði unnið á móti honum í mánuð í senn. Brotaþoli hafi komið aftur 2. nóvember. Honum hafi verið sagt upp tveimur dögum seinna en verið á launum til 18. nóvember. Ástæða uppsagnarinnar hafi verið drykkja í vinnu en hann hafi einnig tekið bíl úr vinnunni í leyfisleysi undir áhrifum áfengis. Þessi hegðun hafi verið metin þannig að þau hafi ekki viljað hafa hann lengur í vinnu. Þessi hegðun hafi verið breyting frá því sem verið hefði í september. Þeir sem bjuggu með honum hefðu haft það á orði og minnst hefði verið á að konan hans hefði hent honum út. Hann hefði búið að [...] í íbúð á þeirra vegum en hefði þurft að fara úr henni þar sem hún hefði fylgt starfinu.

Vitnið V kvaðst hafa starfað með brotþola í tvo mánuði. Fyrst hefði allt verið eðlilegt en þegar hann hefði komið úr frí í Litháen hefði hann verið mjög breyttur. Hann hefði verið stressaður og liðið mjög illa vegna skilnaðar. Hann hefði lítið unnið og verið upptekinn í símanum. Þá hefði brotþoli farið að drekka mikið og hann hefði heyrt hann tala við móður sína um lyf sem hann hefði tekið með sér en hann vissi ekki um hvernig lyf var að ræða. Brotþoli hefði svo misst íbúðina þar sem hann hefði misst vinnuna. Hann hefði reiðst yfir því og gengið svo langt að hóta vitninu.

Vitnið Y kvaðst hafa unnið með brotþola þangað til hann hefði misst vinnuna. Brotþoli hefði unnið á móti honum, til skiptis einn mánuð hér og annan í Litháen. Eftir einn mánuð hefðu orðið miklar breytingar á brotþola. Hann hefði gefið þá skýringu að konan hefði farið frá honum og honum liði illa. Hann hefði fundið fyrir því að brotþoli hefði verið pirraður, en hann hefði þó ekki séð hann mikið þar sem þeir hefðu unnið á móti hvor öðrum. Brotþola hefði verið sagt upp og hann hefði átt að fara heim fyrir jólin.

Vitnið Z, sviðstjóri Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, greindi frá mælingum á etanólstyrk í blóði ákærða og félaga hans. Hún kvað þessu oft vera lýst þannig að það sem mældist yfir 1,2‰ væri talið ölvun eða talað um að menn væru undir áhrifum áfengis. Ef yfir 2‰ mælast sé talað um talsverða ölvun, á milli 2,5 og 3‰ séu menn mjög ölvaddir og yfir 3‰ sé talað um áfengiseitrun. Sá styrkur gæti í rauninni leitt til meðvitundarleysis og jafnvel gæti það leitt til dauða, en þó sé það svo að áhrifin séu misjöfn milli einstaklinga. Samkvæmt þessu sé um að ræða háar tölur hjá ákærða og félögum hans, sem hafi mælst frá 1,98 upp í 3,33‰. Skimað hafi verið eftir kannabis, amfetamíni, MDMA, kókaíni, ópíum og skyldum efnum og þar með kódíni, morfíni og etanóli, en annars ekki leitað að lyfjum. Ekki komi fram í þessum niðurstöðum hvort annarra efna hafi verið neytt svo sem sveppa og LSD. Ekki sé hægt að greina það með blóðprufum. Sömu aðferðir séu notaðar við leit og mælingu á öllum lyfjum og ólöglegum ávana- og fíkniefnum hvort sem um er að ræða lifandi einstaklinga eða sýni úr réttarkrufningu. Í tilfalli brotþola hafi þó verið óskað eftir aðeins víðtækari leit að lyfjum, sem oft sé gert við krufningu.

Vitnið Þ, lyfja- og eiturefnafræðingur, greindi frá rannsókn á blóði og þvagi brotþola. Hún kvað víðtæka leit hafa verið gerða að lyfjum og efnum en erfitt væri að leita að ótilteknum efnum því til viðbótar nema einhver sýni fyndust á vettvangi sem bentu til einhvers konar neyslu. Væri til dæmis verið að leita að hugvikkandi efnum væri

nauðsynlegt að vita nákvæmlega að hverju verið væri að leita. Þá geti efnin horfið úr blóði sem geymt hafi verið í einhvern tíma.

Niðurstaða

Ákærða er gefið að sök að hafa sunnudaginn 8. desember 2019 veist með ofbeldi að A á svölum íbúðar [...] að M í [...], slegið hann hnefahöggum og sparkað í líkama hans og höfuð auk þess að slá hann þungu höggi í höfuðið með óþekktu áhaldi og í kjölfarið kastað honum fram af svölunum þannig að A féll 6,96 metra niður á steypa stétt og lést skömmu síðar af áverkum sem hann hlaut á heila, brjóstakassa og brjóstholslíffærum.

Ákærði neitar sök. Hann greindi frá því fyrir dóminum að hann hefði ekki séð brotþola koma á eftir sér út á svalirnar en hefði séð hann stefna þangað. Hann hefði snúið sér undan til að kveikja sér í sígarettu en þegar hann hefði snúið sér við hefði brotþoli ekki verið þar og ekki heldur sjáanlegur inni. Hann kvaðst ekki vita hvernig fall brotþola hefði komið til en hefur vísað til þess að þeir hafi rætt um að hafa lært að stökkva úr mikilli hæð er þeir gegndu herskyldu í kringum árið 1990.

Þegar lögregla og sjúkralið kom á vettvang lá brotþoli á bakinu fyrir neðan svalir á íbúðinni sem ákærði bjó í og var líkami hans í láréttri stöðu á móts við brún svalanna 3,31 metra frá en hæðin niður af svölunum er 6,96 metrar. Brotþoli var fluttur á slysideild þar sem hann lést skömmu síðar af sárum sínum. Grunur virðist hafa vaknað strax á vettvangi um að fallið hefði borið að með voveiflegum hætti.

Leitað var álits réttarlæknis sem skoðaði lík brotþola. Kom fram að brotþoli hefði lent á vinstri hlið höfuðs og öxl. Auk áverka af völdum fallsins hafi hann síðan haft aðra áverka, m.a. innkýlt brot á höfuðkúpu og áverka á vinstri hlið höfuðs sem virðist hafa komið til fyrir fallið. Talið var líklegast að utanaðkomandi kraftur hefði komið til í ljósi áverkanna og staðsetningar líksins fyrir neðan svalirnar.

Þá er það jafnframt niðurstaða K, sérfræðings í réttarlækningum og dómkvadds matsmanns, að útilokað sé að innkýlda brotið hafi komið til við fall á sléttan flöt. Annaðhvort hafi eitthvað upphleypt verið á yfirborðinu eða brotið hafi komið til við utanaðkomandi kraft áður en brotþoli féll. Þá séu fleiri áverkar á brotþola sem ekki verði skýrðir með fallinu.

Framangreindir sérfræðingar eru sammála um að innkýlda brotið á höfuðkúpu brotþola geti einungis hafa komið til með tvennum hætti en eru ekki á sama máli um hvort er líklegra. Brotþoli lenti á steypum sléttum fleti. Þeir sem komu á vettvang urðu ekki varir við neitt á jörðinni er hann hafði verið fjarlægður og á myndum af vettvangi sést ekkert sem gæti skýrt brotið. Ekki er að sjá ísingu á jörðinni heldur einungis snjófjúk. Þá verður að telja að hefði brotþoli lent á einhverju sem hefði orsakað brotið hefði það sést á höfuðleðrinu eða jafnvel setið þar í. Dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómendum, telur um tvær ákomur að ræða, þannig að innkýlda brotið hafi komið til

fyrir fallið. Ekkert fannst á svölunum eða í íbúðinni sem með vissu er talið að hafi getað valdið áverkanum. Verður því ekki fullyrt að ákærði hafi slegið brotþola með þungu áhaldi, en ekki er útilokað að brotþoli hafi lent utan í einhverju, svo sem hurðarhúni eða gaskút, í átökum. Áverkar á höfði og andliti brotþola benda jafnframt til þess að um fleiri ákomur sé að ræða, t.d. eftir átök, en þeir áverkar eru dæmigerðir fyrir högg eða spörk og verða ekki skýrðir með fallinu. Þá er til þess að líta að blóðkám úr brotþola sem fannst á svalahandriði bendir til þess að eitthvað hafi gerst fyrir fallið sem hafi valdið því að honum hafi blætt.

Við handtöku komu í ljós ýmsir áverkar á ákærða. Þótt áverkarnir geti bent til þess að hann hafi átt í átökum verður það ekki fullyrt í ljósi þess að um ósértæka áverka er að ræða og ákærði starfaði við byggingarvinnu og var iðulega með sár og rispur vegna þess.

Lögreglan leitaðist við að endurskapa atvikið með aðstoð I, prófessors í verkfræði. Voru gerðar átta tilraunir til að líkja eftir fallinu með gínu sem var að sömu stærð og þunga og brotþoli. Í ljós kom að væri gínunni velt fram af svölunum komst hún ekki þá vegalengd sem um er að ræða og var því talið útilokað að brotþoli hefði fallið eða oltið fram af svölunum. Þá var ekki talið að brotþoli gæti hafa stokkið svo langt, auk þess sem hann hefði lent á fótunum hefði verið um það að ræða. Áverkar á brotþola bentu til þess að hann hefði ekki verið viðbúinn og ekki virtust vera varnaráverkar á honum. Við athugunina kom í ljós að hægt var að kasta manni þessa vegalengd og ná fram sambærilegri lendingu. Var það niðurstaða I að það væri líklegasta sviðsmyndin af því sem hefði gerst.

Matsmaðurinn L verkfræðingur gerði síðan hreyfifræðilega greiningu á falli brotþola. Hann komst að þeirri niðurstöðu að fall af sjálfsdáðum væri ólíklegt. Mögulegt væri að komast þessa vegalengd með ákveðnum stökkum en þau samræmdust ekki áverkum eða stöðu í lendingu brotþola. Miðað við þær sviðsmyndir sem hann setti upp er líklegast að annar aðili hafi beitt krafti á brotþola. Hann taldi líklegustu sviðsmyndina vera fall aftur fyrir sig þar sem ytri krafti hefði verið beitt.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða beggja fyrrgreindra sérfræðinga að nánast útilokað sé að brotþoli hafi oltið fram af handriði svalanna. Of mikil fjarlægð sé í lendingarstaðinn til þess. Til þess að brotþoli hafi getað komist jafn langt frá svalaveggnum og raunin varð hafi þurft að beita nokkrum krafti. Víxlverkun við ytra byrði svala, eða þær neðri, hefði getað ýtt viðkomandi áleiðis en vegalendin sem um ræðir sé of mikil nema með verulegri og ákveðinni kraftverkun. Dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómendum, telur því ekki varhugavert að útiloka þennan möguleika. Ekki er hins vegar hægt að útiloka að hægt sé að stökkva þessa vegalengd af eigin rammleik. Sérfræðingarnir eru þó sammála um að stökk frá svalabrún myndi leiða til annarar ákomu við jörðu, en lending á fótum væri lang líklegust í því samhengi. Ljóst er

af sviðsetningu lögreglu að hægt er að varpa manni þessa vegalengd, miðað við þessa fallhæð, sé krafti beitt á tiltekinn hátt. Sú sviðsetning gaf mestu líkindi við landingu brotaþola af þeim sem fram hafa komið. Þá er sú atburðarrás möguleg sem dómkvaddur matsmaður bendir á að brotaþola hafi verið hrint aftur á bak. Til þess að það náist þarf að beita verulegum krafti en dómurinn telur kraftinn þurfa að vera meiri en svo að það teljist raunhæft frá manni sem ýtir á annan standandi á svölum, auk þess sem ákoma við handriðið yrði veruleg. Telja verður þá atburðarrás líklegri að líkama brotaþola hafi verið velt yfir og kastað, og svo snúist í frjálsum falli.

Erfitt er að ná þeim hraða frá svalaveggnum sem þarf til að komast þá vegalengd sem um ræðir við fall eða stökk úr stöðu þar sem hangið er á svölunum eins og kemur fram í matsgerð dómkvadds matsmanns, K. Stökkkrafturinn er þá minni auk þess sem þyngdarpunkturinn er neðar í upphafi. Fall eða stökk úr slíkri stöðu, rétt eins og fall úr stöðu af handriði er afar ólíklegt með hliðsjón af stöðu brotaþola í landingu og því að ljóst er að töluverðan hraða þarf frá vegg í upphafi til að ná umræddri vegalengd.

Ákærði hefur bent á sem mögulega atburðarrás fyrir dómnum stökk klofvega yfir svalahandrið eða að hangið hafi verið utan á svalaveggnum og sýndi hann dómendum í vettvangsgöngu hvernig það væri gert. Dómurinn telur mögulegt að ná nægilegum hraða með stökki yfir handriðið, en til þess að viðkomandi lendi í þeirri stöðu sem brotaþoli var í verði ytri áhrif að koma til. Snúningur brotaþola í loftinu þannig að hann lenti á höfðinu gæti ekki hafa komið til nema mjög ákveðinn kraftur eða kraftvægi hefði verkað á líkamann í upphafi hreyfingarinnar. Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn ljóst að utanaðkomandi kraftur hafi þurft að koma til svo brotaþoli hefði getað fallið með þeim hætti sem raun bar vitni.

Auk ákærða og brotaþola voru fjórir aðrir í íbúðinni að M. Þeir voru allir mjög ölvaðir og litast framburður þeirra af því. Þeir muna þó flestir eftir komu brotaþola í íbúðina og bera allir um að þeir hafi ekki séð neina áverka á honum. Þegar ákærði fór ásamt brotaþola út á svalirnar virðist E hafa verið sofandi inni í svefnherbergi, D sofandi við borðstofuborðið og C sofandi á dýnu á stofugólfinu, en B virðist hafa setið við borðstofuborðið og snúið baki í svalirnar. Þeir D og C hafa báðir lýst því að þeir hafi vaknað upp við mikil læti og heyrt að maður hefði farið fram af svölunum. C greindi frá því að hafa farið út á svalirnar og litið niður og séð einhvern hjá brotaþola. Þessi framburður hans samræmist framburði lögreglumanns sem stóð fyrir neðan svalirnar auk lýsingar B af atvikum. B kvaðst hafa orðið vitni að átökum milli ákærða og brotaþola og séð hvar ákærði sló til brotaþola, en ákærði hefur gengist við því að hafa slegið brotaþola með flötum lófa inni í íbúðinni. B kvaðst hafa séð þá fara saman út á svalirnar og ákærða koma einan inn skömmu síðar. Hann kvað ákærða hafa verið í uppnámi og hann hefði því farið út á svalirnar og séð brotaþola liggja fyrir neðan.

Þrjú nágrannar ákærða að M greindu frá því að hafa orðið varir við mennina í íbúð [...] þennan dag. Vitni úr íbúð á sömu hæð var við glugga þar sem sést yfir á hluta af svölum íbúðarinnar. Hún varð þar vör við mann og virðist hafa verið mjög brugðið án þess að hún geti gert sér grein fyrir orsök þess. Hún kvaðst aldrei fyrr hafa orðið fyrir neinni truflun úr þessari átt, en eitthvað við manninn á svölunum virðist hafa valdið henni mikilli vanlíðan þennan dag. Hún taldi sig hafa heyrt „kjaftagang í hærri kantinum“, litið út og séð manninn og virst hann styðja sig við handriðið. Henni hefði brugðið og hún hefði þegar farið fram og kallað á eiginmann sinn. Hún hefði þá heyrt dykk og síðan hefðu þau hjónin séð fætur manns liggjandi á jörðinni fyrir neðan. Dómendur gengu á vettvang atburðanna og sáu meðal annars að útsýni úr umræddum glugga nær ekki yfir allar svalirnar. Það er því ekki útilokað að annar maður hafi verið á svölunum þótt vitnið hafi ekki séð hann. Samkvæmt framburði hennar gerðust þessi atvik tiltölulega hratt. Eiginmaður hennar greindi einnig frá því að hafa séð og heyrt viðbrögð hennar og í framhaldinu séð í brotaþola liggjandi á jörðinni. Þá bar nágranni á hæðinni fyrir ofan um að hafa heyrt rifrildi, háan skell og öskur.

Eins og rakið var hér að framan neitar ákærði sök og kvaðst fyrir dómi ekki hafa orðið var við að brotaþoli hefði farið út á svalirnar með sér. Hann greindi frá því að þeir hefðu rætt um stökk sem þeir hefðu lært í sovéska hernum á sínum tíma en neitaði því að brotaþoli hefði talað um að stökkva.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu nokkrum sinnum. Í fyrstu skýrslutökunni, daginn eftir atburðinn, greindi hann frá því að brotaþoli hefði komið í íbúðina til að gleðjast með honum og félögum hans. Brotaþoli hefði verið ölvaður og hann teldi að hann hefði einnig tekið inn einhver fíkniefni. Brotaþoli hefði farið að rifja upp tíma þeirra í sovéska hernum og ræða um stökk úr mikilli hæð sem þeir hefðu lært þar og hann hefði spurt hvort hann ætti að stökkva yfir svalirnar. Ákærði kvaðst hafa svarað honum játandi í gríni. Síðar hafi þeir farið saman út á svalir að reykja en ákærði hefði snúið baki í brotaþola til að mynda skjól til að kveikja á sígarettunni. Þegar það hefði tekist hefði hann áttað sig á að brotaþoli væri ekki lengur á svölunum. Hann hefði þá farið inn að leita að honum en hvergi séð hann og þá farið inn í herbergi til að leggja sig. Hann hefði ekki áttað sig á hvað hefði gerst fyrr en hann hefði verið kominn á lögreglustöðina.

Í skýrslutöku 13. desember 2019 greindi ákærði frá því með sama hætti að hann hefði farið út á svalir með brotaþola að reykja. Brotaþoli hefði verið horfinn þegar honum hefði tekist að kveikja í sígarettunni. Hann hefði talið mögulegt að brotaþoli væri eitthvað fúll út í hann og hefði farið aftur inn. Hann hefði svo farið inn þar sem honum hefði verið óglatt. Hann hefði kastað upp og síðan farið inn í herbergið sitt og lagt sig. Þegar hann hefði vaknað hefði hann farið fram þar sem félagar hans hefðu setið við drykkju. Hann hefði spurt um brotaþola og honum þá verið greint frá því að hann hefði fallið fram af svölunum. Hann hefði ætlað út að athuga með brotaþola en lögreglan handtekið hann

þegar hann hefði verið á leiðinni. Hann kvaðst telja að brotápoli hefði verið þunglyndur undanfarið og telja mögulegt að hann hefði fleygt sér fram af svölunum. Hann neitaði því að hafa rifist við brotáþola og taldi um misskilning félaga síns að ræða varðandi það. Hann hefði verið orðinn leiður á tali brotáþola um sovéska herinn, beðið hann að hætta og slegið hann léttan löðrung til að leggja áherslu á orð sín.

Í skýrslu 30. desember 2019 kvaðst ákærði hafa farið einn út að reykja, brotápoli hefði komið á eftir en hann svo lokað hurðinni á eftir honum. Hann lýsti því með sama hætti og áður hvernig hann hefði myndað skjól til að kveikja í sígarettunni. Það hefði tekið langan tíma en svo hefði hann farið inn, kastað upp og lagt sig í góða stund. Hann hefði svo farið fram að leita að brotáþola og síðan niður þar sem lögregla hefði handtekið hann. Brotápoli hefði verið að tala um að hann gæti stokkið eins og í hernum áður fyrr en hann kvaðst ekki vita hvers vegna hann hefði gert það þennan dag. Hann hefði kannski ætlað að sýna honum að hann gæti það ennþá. Hann hefði sjálfur sagt við brotáþola að ef hann vildi gera þetta væri sér alveg sama. Eftir að hafa skoðað myndir af vettvangi kvaðst ákærði telja að stökkið hefði misheppnast hjá brotáþola. Sjálfur gæti hann auðveldlega stokkið niður þessa hæð.

Í skýrslutöku 15. janúar 2020 greindi ákærði frá samtali á samskiptaforritinu Whatsapp við vinkonu sína eftir að hafa kastað upp. Hann kvaðst hafa farið einn út á svalir og ekki tekið eftir því að brotápoli hefði fylgt honum. Hann hefði myndað skjól til að kveikja í sígarettunni en ekki vitað af brotáþola á svölunum þá. Eftir að hafa reykt hefði honum orðið flökurt og farið inn í eldhús til að fá sér að drekka. Honum hefði ekki liðið betur og því farið inn á klósett og kastað upp. Þá hefði hann farið inn í herbergi, lagt sig stutta stund og síðan hringt í vinkonu sína á Whatsapp. Hann hefði svo lagt sig aftur en síðan farið fram í partíið sem hefði enn verið í gangi. Á einhverjum tímamarki hefði einhver sagt að brotápoli hefði fallið fram af svölunum. Hann hefði svo farið út úr íbúðinni og mætt lögreglumönnum á ganginum.

Í skýrslutöku 13. mars 2020 lýsti ákærði því að hann gæti stokkið úr meiri hæð en þetta eftir þjálfun sína í sovéska hernum. Þeir brotápoli hefðu verið í sérsveit í hernum og brotápoli hefði verið mjög stoltur af því, en líklega hefði honum mistekist eitthvað við stökkið.

Af framangreindu er ljóst að ýmiss konar misræmi er í framburði ákærða um málsatvik. Til að mynda greindi hann ítrekað frá því hjá lögreglu að brotápoli hefði farið með honum út á svalir en þegar hann hefði snúið sér við eftir að hafa kveikt í sígarettunni hefði hann verið horfinn. Fyrir dómnum greindi hann aftur á móti frá því að hann hefði ekki orðið var við að brotápoli hefði fylgt sér. Við vettvangsgöngu sýndi ákærði dómendum hvar lögreglan hefði handtekið hann í stigaganginum fyrir framan íbúðina. Á upptökum úr búkmyndavélum og framburði lögreglumanna sést hins vegar að ákærði var handtekinn utan við húsið. Ákærði hefur engar skýringar getað gefið á breytingum á

framburði sínum. Þykir framburður hans af framangreindum sökum vera ótrúverðugur og ekki hægt að byggja á honum.

Ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að einhver annar en ákærði geti hafa verið að verki. Ákærði verður hins vegar sýknaður af því að hafa slegið brotaþola hnefahöggum og sparkað í líkama hans og höfuð auk þess að slá hann þungu höggi í höfuðið með óþekktu áhaldi þar sem ekki er sannað að hann hafi veitt brotaþola áverka með þeim hætti.

Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn, sem skipaður er tveimur sérfróðum meðdómsmönnum, verkfræðingi og réttarlækni, sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi orðið þess valdandi að brotaþoli féll af svölum íbúðarinnar að M og lést. Ljóst er að sú háttsemi að kasta manni fram af svölum úr tæplega sjö metra hæð hefur mikla hættu í för með sér. Háttsemi ákærða var því stórhættuleg og gat honum ekki dulist að langlíklegasta afleiðing hennar væri að hún myndi leiða til dauða brotaþola. Verður ákærði því sakfelldur og varðar brot hans við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í [...] [...]. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot svo kunnugt sé. Ljóst er að ákærði var mjög ölvaður er atvikið átti sér stað. Það leysir hann ekki undan refsíábyrgð, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða mátti engu að síður vera ljóst að langlíklegast væri að dauði myndi hljóta af því að kasta manni tæplega sjö metra niður á steiptan pall. Erfitt er að fullyrða hvað ákærða gekk til með athæfi sínu og er ekki hægt að byggja á öðru en að ásetningur hafi ekki myndast fyrr en við atvikið sjálft. Við broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga liggur fangelsi ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt. Ákærði á sér engar málsbætur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 9. desember 2019 til 21. janúar 2020 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 8.619.705 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk 46.200 króna í útlagðan kostnað, og 2.873.888 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Dómari og aðilar töldu ekki þörf á því að málið yrði flutt að nýju.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari, Ármann Gylfason vélaverkfræðingur og Snjólaug Níelsdóttir réttarlæknir kveða upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 16 ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 9. desember 2019 til 21. janúar 2020 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 8.619.705 krónur, auk 46.200 króna í útlagðan kostnað, og 2.873.888 krónur í annan sakarkostnað.